

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 26. ágúst 2020. Samskipti um atriði fundarins fóru fram í tölvupóstsamskiptum.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Garðar Hilmarsson, Guðbjörn Arngrímsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Félagsmannasjóður

Skipulagsskrá sjóðsins er í vinnslu og hefur verið send aðildarfélögum BSRB til skoðunar. Fulltrúar BSRB-sveit kynna niðurstöðuna fyrir SNS.

2. Starfsmatið – bókun 8 [2020]

Samráðsnefndin ræddi um vinnuna sem er framundan við endurskoðun starfsmatsins og mun beita sér fyrir því að boðaður verði fyrsti fundur í faglegu samráðsnefndinni í september.

3. Störf innan félaganna - bókun 3 [2014]

Fulltrúar bæjarstarfsmannafélaganna bóka að það þurfi að kynna BÓKUN 3 [2014] betur fyrir sveitarfélögunum:

Um jafnræði í launum óháð stéttarfélagsaðild

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verði gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

4. Starfsmenntamál

Rætt um samhengi starfagreininga við hæfnigreiningu og starfsmat sveitarfélaga. Málið rætt og verður rætt áfram.

Fleira var ekki gert